

## **Erindi íbúa í hverfinu dags. 24. október 2022 um gatnamót Úlfarsbrautar og Urðarbrunnis.**

Ég ek nær daglega um gatnamót Úlfarsbrautar og Urðarbrunnis. Skv. skipulagi og útfærslu er þar hringtorg. Hins vegar eru engin merki á eða í aðkomu að torginu úr þremur akstursáttum að hringtorg sé framundan. Í upphafi var slíkt skilti í miðju torginu en það reyndist vera fyrir mörgum (!) og endanlega var gefist upp þegar leið 18 fór að aka þarna enda ókleift fyrir vagnana að ná beygju með hindrun í miðju torginu.

Ökumenn skiptast skv. minni reynslu í tvo hópa ef marka má viðbrögð þegar ökutæki mætast þarna. Helmingur telur að reglur um hringtorg eigi að gilda en aðrir að víkja eigi fyrir umferð frá hægri. Ekki veit ég hvort þarna hafa orðið umferðaróhöpp eða hvort úr þessu hefur verið skorið formlega. Ef ekki þá má telja líklegt að það verði innan ekki langs tíma með vaxandi umferð að sundlaug og íþróttamannvirkjum.

Vil því skora á íbúaráðið beita sér fyrir að fá skýra lausn á óvissu um réttan skilning á umferðarrétti á þessum gatnamótum. Ef þetta er hringtorg þá skal það merkt sem slíkt, ef ekki þá þarf klárlega að taka upp hringlaga hellulögn sem nú er þarna.

Með kveðju,

Þórður Jónsson

Gerðarbrunni 56